

112

27. des.

23. gr.

Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Fyrir árið 1954 skal greiða starfsmönnum ríkisins sömu uppbót og segir í 1. mgr., að frádregnum þeim uppbótum, er greiddar hafa verið samkv. 23. gr. fjárlaga fyrir það ár.

Á árunum 1954 og 1955 skal greiða 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 20 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1954 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

113

23. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er hljóða svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna, sem verzlunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi, leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði málverk, myndir, listmuni og bækur, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn. Leyfisgjald er 1500 krónur, er renni í ríkissjóð. Eigi skulu greidd sölulaun til ríkissjóðs af andvirði muna þeirra, sem þannig eru seldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*